

# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1984

---

---

6. mars 1984

1

Nr. 1

## AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð  
nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 6. mars 1984 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest svohljóðandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

Við lið I í 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, er verði 15. töluliður og orðist svo:

15. Fyrirsva vegna málsókna á hendur ríkissjóði og ríkisstofnunum og málsókna þessara aðila á hendur öðrum, þar sem fjárkröfur eru gerðar eða úrslit máls geta að öðru leyti haft fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð. Verkefni skv. þessum tl. skulu falin sérstökum ríkislögmanni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytið, 6. mars 1984.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*